

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun
í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.

Frá velferðarnefnd.

- Við lið A.2.
 - Við liðinn *Framkvæmd* bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eitt af teygunum sérhæfi sig jafnframt í þjónustu við heyrnarlausu og heyrnarskerta einstaklinga sem reiða sig á íslenskt táknmál til samskipta og glíma við geðröskun.
 - Við liðinn *Mælanlegt markmið* bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Geðheilsuteymi fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta hafi tekið til starfa árið 2017.
- Við lið B.3:
 - Á eftir orðinu „kvíða“ í liðnum *Markmið* komi: depurð, þunglyndi.
 - Liðurinn *Framkvæmd* orðist svo: Beitt verði gagnreyndum aðferðum við að skima fyrir kvíða, depurð, þunglyndi og áhrifum áfalla meðal barna. Þeim börnum sem á þurfa að halda verði eftir nákvæma greiningu veitt meðferð í samræmi við klínískar leiðbeiningar og gagnreyndar aðferðir.
 - Á eftir orðinu „kvíða“ í fyrirsögn komi: depurð.
 - Orðin „í efstu bekkjum grunnskóla“ í fyrirsögn falli brott.
- Liðurinn *Mælanlegt markmið* í lið C.1 orðist svo: Starfshópur skili áætlun með gagnreyndum aðferðum um hvernig unnið skuli gegn fordómum í garð geðfatlaðra árið 2017.
- Í stað orðanna „þeim dreift til íslenskra fjölmiðla og fylgt eftir með markvissum hætti“ í liðnum *Framkvæmd* í lið C.2 komi: og þeim dreift til íslenskra fjölmiðla.
- Liðurinn *Mælanlegt markmið* í lið C.3 orðist svo: Fjöldi nýrra hlutastarfa fólks með geðraskanir í lok árs 2018.
- Við lið C.5:
 - Við liðinn *Markmið* bætist: og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, nr. 61/2011.
 - Við liðinn *Framkvæmd* bætist: og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls.
 - Á eftir orðinu „heilbrigðisstarfsfólk“ í liðnum *Dæmi um samstarfsaðila* komi: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.